

Fundargerð

Miðvikudaginn 20. janúar 2010 kl. 11:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2010**
- 2. Framkvæmdir í Kvennaskólanum**
- 3. Byggðasafnið á Reykjum**
- 4. Leigusamningur vegna atvinnufulltrúa SSNV**
- 5. Atvinnumál**
- 6. Sorpmál**
- 7. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2010

Fjármálastjóri Blönduósbæjar mætti á fundinn og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2010. Umræður urðu um áætlunina.

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

Fjármálastjóri yfirgaf fundinn.

2. Framkvæmdir í Kvennaskólanum

Byggingafulltrúi Blönduósbæjar mætti á fundinn og gerði grein fyrir framvindu framkvæmda við Kvennaskólann. Byggingafulltrúi fór yfir kostnaðinn sem áfallinn er við framkvæmdina. Jafnframt var rætt um framhaldið og næstu skref í framkvæmdum.

3. Byggðasafnið á Reykjum

Framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til sveitarstjórna í A-Hún þar sem óskað er eftir að þau samþykki fyrir sitt leyti að að færa málefni Byggðasafnsins á Reykjum undir byggðasamlagið. Byggðasamlagið myndi þar af leiðandi framvegis skipa fulltrúa A-Hún í stjórn byggðasafnsins.

4. Leigusamningur vegna atvinnufulltrúa SSNV

Leigusamningur atvinnufulltrúa SSNV lagður fram.

Leigusamningurinn samþykktur.

5. Atvinnumál

Framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu gagnavers á Blönduósi. Samþykkt var að framkvæmdastjóri leggi fyrir stjórn sameiginlegan skilningi milli Byggðasamlagsins og SagaCapital á aðkomu þess síðarnefnda að verkefni.

6. Sorpmál

Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fóru yfir stöðu sorpmála og möguleika á nýtingu lífræns úrgangs.

Umræður urðu um úrvinnslu á lífrænum úrgangi.

7. Önnur mál

a) Erindi frá Skagabyggð

Óskað er eftir að byggðasamlagið taki að sér greiðslur fyrir fundarsetu fulltrúa sveitarfélaganna í Svæðisskipulagsnefnd A-Hún í stað sveitarfélaganna. Sama erindi hafði verið tekið fyrir í Svæðisskipulagsnefnd. Erindið var þar samþykkt.

Engar athugasemdir eru við afgreiðslu Svæðisskipulagsnefndar

b) Erindi frá Textílsetri Íslands

Beiðni um fjárstyrk. Sveitarfélögin í A-Hún hafa komið sér saman um að byggðasamlagið fari með framkvæmd ákveðinna verkefna í héraðinu. Stjórnin er sammála um að styrkur til þessa verkefnis sé ekki meðal þeirra verkefna sem Byggðasamlaginu hafi verið falið og hafnar því beiðninni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:05